Nr. 59.
10. nóvbr.

Lög
um friðun fugla og eggja.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:

1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarrindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkjur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Tildrur. 17. Sandlóur. 18. Jaðrakön. 19. Keldusvín. 20. Heiðlóur. 21. Tjaldar. 22. Stelkar. 23. Vepjur. 24. Hegrar. 25. Svanir. 26. Æðarkongar. 27. Kríur. 28. Hettumáfar. 29. Haftyrðlar. 30. Snæuglur.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs:

Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar og hrotgæsir.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar á tímabilinu frá 1. febrúar til 20. september, og auk þess alt árið 1915 og úr því 7. hvert ár.

b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.

c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum, enda sje það sannað, að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum.

d. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, nema friðaðar sjeu með sjerstökum lögum, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.

e. Ernir skulu friðaðir 5 ár frá því lög þessi koma í gildi, en síðan ófriðaðir og teljist undir 2. gr.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 (2) kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr.

Brot gegn 3. gr. e., varðar 25 króna sektum.

5. gr.

Egg þeirra fugla, sem taldir eru í 1. gr., skulu friðuð vera, nema kríuegg. Ennfremur skulu rjúpnaegg og arnaregg vera friðuð.

Nr. 59. 10. nóvbr.

6. gr.

Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá, er brotlegur verður, greiða 1 kr. sekt, en fyrir arnaregg skal greiða (10) kr. sekt.

500.

7. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum, sem safna fyrir skólana og náttúrufróðum mönnum, er safna fyrir Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

8. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Breytt m. l. 39 25/11 1919 og l. nr. 63 3/11 1925.

Nr. 60. 10. nóvbr.

Hafnarlög
fyrir Vestmannaeyjar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr. L 1919.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 62.500—sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1916.

2. gr. L 1919.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 187,500 — eitt hundrað áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð — króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

Hafnarreglug. sbr. l. nr. 104 11/12 1920 og viðauka l. 1924 nr. 33 7/6 og 39 8-1926